

13. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin 5.7.2019 klukkan 8:30, í Austurbrú.

Mætt voru: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Lárus Heiðarsson Jóhann F. Þórhallsson og Signý Ormarsdóttir. Einnig mættu í byrjun fundar Kristján Halldórsson og Eva Pandora Baldursdóttir frá Byggðastofnun.

Dagskrá fundarins

1. Ráðningarferli – Verkefnisstjóri

1. Farið var yfir ráðningarferlið með Kristjáni og Evu varðandi hvað hafa ber í huga við verkefnisstjóraráðninguna, fyrirkomulag á verkefnum og hvað væru næstu skref. Þau yfirgáfu síðan fundinn um 9:25.

Eftirfarandi er niðurstaða fundarins:

1. Tilvonandi verkefnisstjóri verður starfsmaður Austurbrú í 100% starfi. Austurbrú ræður í starfið í samstarfi við samfélagsnefndina og hýsir starfsmanninn. Það kallar á kostnað fyrir aðstöðu. Ráðið er í starfið til 2022.
2. Starfið verður auglýst á landsvísi.
3. Að starfið verði auglýst í næstu viku.
4. Ganga þarf frá samningi á milli Austurbúar og Fljótsdalshrepps.
5. Að tilvonandi verkefnisstjóri vinni áfram skýrslu Sigurborgar og forgangsráði verkefnum.

Fundi slitið klukkan 11:00

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Arna Bjarnadóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Þórhallur Jóhannsson

Signý Ormarsdóttir

Lárus Heiðarsson